

Lokaskýrsla 2015-2016

**Leikur að læra**

Leikskólinn Ásar í Garðabæ

Ábyrgðarmenn: Gróa Margrét Finnsdóttir og

Elísabet Gunnarsdóttir

Verkefnisstjóri: Brynja Vermundsdóttir

Markmið verkefnisins er að finna einfaldar og faglegar leiðir fyrir kennara til að gefa nemendum sínum tækifæri til að læra í gegnum leiki og hreyfingu. Á þann hátt kynnast nemendur þeirri vellíðan og orku sem hreyfingin gefur og læra að nýta sér það í framtíðinni. Með því að flétta lestri og stærðfræði inn í leikinn og hreyfinguna eykur það áhuga nemenda á þeim námsgreinum. Mikið er lagt upp úr að efla hljóðkerfisvitund nemenda til að undirbúa þau betur undir lestrarnám. Verkefnið stuðlar einnig að því að brúa bilið milli leik-og grunnskóla.

Leiðir sem farnar voru:

Fengum fræðslu og kennslu í þeim aðferðum sem „Leikur að læra,, leggur upp með. Kristín Jónsdóttir höfundur LogL kom 6 sinnum í heimsókn yfir skólaárið með fræðslu og eftirfylgni.

Hver barnahópur, með sínum kennara, fékk úthlutaðan 1 klukkutíma á viku í sal leikskólans þar sem auðvelt var að hreyfa sig og útfæra verkefnin. Barnahóparnir voru misfjölmennir allt frá þeim yngstu sem voru 5 í hóp til þeirra elstu sem voru 8-9 í hóp. Einnig var unnið með verkefnin inni á kjörnum, bæði í hópatíma og í samverustundum.

Á haustönninni stóð verkefnið í 6 vikur með foreldraverkefninu sem var 2x í viku.

Á vorönninni stóð verkefnið í 12 vikur með foreldraverkefninu sem var 2x í viku.

Foreldraverkefnið miðaði að því að gera foreldra meðvitaða um verkefnið og taka þátt í því að vinna með börnunum. Það gaf líka foreldrum markvissari hugmynd um það sem börnin lærðu í leikskólanum. Verkefnið var hengt upp á vegg í fataklefa að morgni og gerðu foreldrar og barn verkefnið saman við komuna í skólann. Mörg barnanna vildu að þetta væri á hverjum degi því það var svo gaman að gera með mömmu/pabba.

Hver og einn kennari vann miðað við aldur hópsins. Þau yngstu lærðu litina, stafina sína, að telja og lærðu um dýrin, hvað þau heita og hljóðin sem þau gefa frá sér, lærðu um formin og margt fleira. Þau eldri unnu mikið með hljóð og stafi, tölur, fjölda, mynstur, meira en og minna en, að þekkja og skrifa nafnið sitt ásamt ýmsum öðrum verkefnum.

Verkefnið gekk í alla staði mjög vel, ekkert óvænt kom uppá og gátum við haldið þeirri tímaáætlun og markmiðum sem sett voru í upphafi.

„Leikur að læra,, eflði leikskólastarfið, þarna kom eitthvað nýtt og ferskt inn sem gaf kennurum innblástur og skemmtilegar hugmyndir til að vinna með börnunum. Starfið varð markvissara og undirbyggju kennarar sig betur en ella. Kennarar fengu gott tæki til að vinna með börnunum, skólastarfið varð mjög líflegt og gleðin smitaðist inn í allt annað starf innan skólans og utan. Börnunum fannst þetta mjög gaman og hlökkuðu alltaf til að fara í salinn. Ávinningurinn var mjög góður og tóku börnin miklum framförum á þessum tíma.

**Heildarupphæð styrks:** 170 þúsund kr.

**Laun:** 100 þúsund kr.

**Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla:** 50 þúsund kr.

**Gögn:** 20 þúsund kr.

Verkefnið gekk það vel að Ásar halda áfram í samstarfinu næsta skólaár og vonandi verður þetta fastur liður í leikskólastarfinu í framtíðinni.

Virðingarfyllst:



---

Gróa Margrét Finnsdóttir